

Launasjóður fræðiritahöfunda

Starfslaun 2000

Stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda hafði tæpar 8 milljónir kr. til úthlutunar starfslauna, en alls bárust 66 umsóknir. Flestar umsóknirnar voru mjög áhugaverðar. Af þeim má setja 48 í flokk hugsvísinda, 5 í flokk félagsvísinda, 5 í flokk raunvísinda, 1 í flokk stærðfræði og 1 í flokk lögfræði. 6 umsóknanna féllu utan þessara hefðbundnu flokka. Þau verk sem hlutu starfslaun má öll flokka undir hugvísindi.

Ákveðið var að veita átta umsækjendum starfslaun í sex mánuði árið 2000, sem þýðir að 58 umsóknum var hafnað. Eins og þessar tölur bera með sér var samkeppnin um starfslaunin mjög mikil. Aðeins 12% þeirra sem sóttu um starfslaun fá þau í ár.

Þau sem fá starfslaun Launasjóðs fræðiritahöfunda árið 2000 eru

Dr. Birna Arnbjörnsdóttir „Íslenskt mál og samfélag í fortíð, nútíð og framtíð: þróun íslensku í ljósi samfélagsbreytinga frá söguöld fram á 21. öldina".

Markmiðið er að gera yfirlitsverk ætlað menntaskólanemum og háskólanemum og áhugafólki um íslenskt mál og samfélag. Verkið mun fjalla um tengsl málbreytinga í íslensku og þróunar íslensks samfélags á hverjum tíma. Þ.e. að tengja málið málnotendum og þeim raunveruleika sem þeir tjá á málinu á hverjum tíma. Síðan verður lýst málbreytingum á vestur-íslensku sem höfundur hefur unnið að undanfarin 15 ár og rædd framtíð íslenskunnar m.a.í ljósi aukinna samskipta á netinu og ágangenskunnar.

Dr. Jón Viðar Jónsson „Ævisaga Jóhanns Sigurjónssonar og útgáfa á ýmsum textum tengdum lífi hans og list".

Þetta er bókmennta- og leiklistarsöguleg ævisaga. Varpað verður ljósi á hver Jóhann Sigurjónsson var; af hvaða rótum list hans var runninn, hversu langt náði hann, og hvað varð honum til falls í hinu danska menningarumhverfi sem var starfssvettvangur hans. Þá verður staða Jóhanns sem skálds skoðuð, einkum andspænis þeim straumum samtíðar hans sem stefndu í átt til modernisma og einna gleggst koma fram í ljóðagerð hans.

Kristján Eiríksson, cand. mag. „Íslensk óðfræði".

Kanna á brag og braghætti í handritum og gefa út yfirlit yfir braghætti tímabilsins 1400-1800.

Kristján Jóhann Jónsson, cand mag. „Grímur Thomsen – þjóðskáld og heimsborgari".

Í þessu verki verður ævi, samtíma, skáldskap og fræðistörfum Gíms Thomsen lýst.

Viðar Hreinsson, M.A. „Ævisaga Stephans G. Stephanssonar".

Í verkinu verður m.a. gerð grein fyrir íslenskri bókmenningu fyrri alda sem mótaði Stephan G. Stephansson og myndaði trausta menningarlega kjölfestu hans í nýjum heimi. Þá verður æviferill Stephans rakinn sem og persónulegir hagir hans og samfélagsþátttaka. Einnig er leitast við að lýsa því hvernig hugmyndarheimur Stephan G. Stephanssonar, skáldskapur og önnur ritstörf mótuðust smátt og smátt.

Þorleifur Hauksson, cand mag. „Íslenskur skáldsagnastíll 1850-1970".

Í þessu verki verður listrænum lausamálsstíll gerð skil, frá því skáldsagnaritun í nútímaskilningi hófst og fram á síðari hluta 20. aldar.

Þórunn Valdimarsdóttir, cand mag. „Ævisaga Matthíasar Jochumssonar".

„Markmiðið með ritun ævisögu Matthíasar Jochumssonar, þjóðskálds og umbótaklerks, er að meta áhrif hans á samtíðina og síðari tíma, en þau hafa alls ekki verið metin sem skyldi. Matthías skrifaði textann við þjóðsönginn kornungur; var róttækur ritsjóri *Þjóðólfs* á fyrstu árum heimastjórnar, var eini presturinn sem skifaðist á við guðleysingjann Georg Brandes; einn snillinganna sem endurskoðaði sálmabókina 1886 og átti stóran þátt í því að bjarga því sem bjarga varð af trúartilfinningu landsmanna með því að hvetja til nýrrar guðfræði og gusðskillnings."

Æsa Sigurjónsdóttir, M.A og D.E.A. „Íslensk búningasaga í ljósmyndum (1890-2000)".

„Markmið verksins er að gefa yfirlit yfir klæðnað íslenskra karla, kvenna og barna eins og hann birtist í ljósmyndum samtímans hverju sinni. Dregin verða fram einkenni hvers tímabils og lögð áhersla á að sýna þann sköpunarkraft og hugvit sem ætíð hefur lifað með þjóðinni, þrátt fyrir efnahagslega erfiðleika."